Undirritaðir aðilar, Sveitarfélagið Hornafjörður, kt. 590169-4639, Hafnarbraut 27, 780 Höfn, annars vegar og Landsbyggð ehf., kt. 481216-0520, Sigtúni 3, 800 Selfoss, hins vegar, gera með sér eftirfarandi:

VILJAYFIRLÝSING
um skipulag, uppbyggingu og úthlutun lóða á nýju miðbæjarsvæði á Höfn

Landsbyggð er þróunar- og fasteignafélag sem sérhæfir sig í uppbyggingar- og umbreytingarverkefnum.

Landsbyggð hefur óskað eftir því við Sveitarfélagið Hornafjörð að fá úthlutuðum lóðum og svæði í tengslum við þróun og uppbyggingu á nýju miðbæjarsvæði á Höfn í Hornafirði. Lóðirnar sem um ræðir eru afmarkaðar á meðfylgjandi uppdráttum sem merktir eru fylgiskjal nr. 1 með samkomulagi þessu og telst hluti þess.

Þá mun Landsbyggð leita eftir samtali við aðra lóðarhafa á umræddu og aðliggjandi svæði þar sem til stendur að vinna að ofangreindu skipulagi og uppbyggingu. Sveitarfélagið getur breytt skipulagsmörkum þeim sem vísað er til, hvort sem er til stækkunar eða minnkunar, enda fer sveitarfélagið með allt skipulagsvald.

Sveitarfélagið Hornafjörður veitir hér með vilyrði fyrir lóðum (þegar stofnuðum og óstofnuðum) í eigu sveitarfélagsins sem falla undir hið skipulagða svæði enda er um einstakt tækifæri að ræða til heildstæðrar þróunar og uppbyggingar svæðisins með hagsmuni nærsamfélagsins að leiðarljósi.

Forsvarsmenn Landsbyggðar hafa upplýst að þeir hyggist skipuleggja allt svæðið í heild, á sinn kostnað. Aðilar skulu koma sér saman um heppilega áfangaskiptingu skipulagsvinnu.

Komi til þess að Landsbyggð verði formlega úthlutað nefndu svæði, þá verður það m.a. gert með neðangreindum skilyrðum:

- Landsbyggð skuldbindur sig til þess að sjá um og kosta gerð deiliskipulags fyrir svæðið í heild sinni og leggja fyrir sveitarfélagið til umfjöllunar og afgreiðslu.
- Landsbyggð er óheimilt að framselja og/eða veðsetja réttindi og skyldur sem fylgja nefndu svæði, hverju nafni sem nefnast, nema með samþykki sveitarfélagsins.
- Komi til úthlutunar á lóðum/svæði til Landsbyggðar þá verða gerðir lóðarleigusamningar fyrir hverja lóð fyrir sig á svæðinu, sem skulu allir m.a. innihalda framangreind efnisatriði.
- Reglur um úthlutun lóða í Sveitarfélaginu Hornafirði gilda varðandi framkvæmdir á svæði því er samkomulag þetta tekur til (nema sérstaklega sé samið um annað).

Aðilar skulu gera með sér sérstakt samkomulag um nauðsynlega gatnagerð og frágang svæða utan lóða þar sem m.a. verður fjallað um hlutverk, skyldur og kostnaðarþátttöku. Samhliða vinnu við skipulag munu Landsbyggð og Sveitarfélagið Hornafjörður gera með sér samning þar sem tekið verður á nauðsynlegum þáttum vegna uppbyggingar á nýjum miðbæ. Þessi samningur skal vera hluti af deiliskipulagi og kynntur íbúum fyrir íbúakosningu.

Aðilar eru sammála um að tillögur að skipulagsbreytingum á svæðinu, ásamt samningi Landsbyggðar og sveitarfélagsins verði lögð fyrir íbúa sveitarfélagsins í íbúakosningu eða með rafrænni íbúakönnun. Landsbyggð skuldbindur sig til að kynna skipulagsbreytingarnar ítarlega fyrir íbúum með a.m.k. þremur opnum kynningarfundum áður en til kosningar eða könnunar kemur.

Verði af úthlutun lóða í samræmi við fyrirliggjandi skýringarmyndir áréttar Landsbyggð að tryggt verði áframahaldandi aðgengi almennings að höfninni og aðgengi rekstraraðila verði unnið í þéttu samráði við viðkomandi aðila. Nánar verður tekið á því í úthlutunarskilmálum eða lóðarleigusamningum eftir því sem við á.

Landsbyggð og Sveitarfélagið Hornafjörður leggja ríka áherslu á að þróun og uppbygging nýs miðbæjar fari fram í anda samráðs og samstarfs. Vilyrði þetta tekur einungis til lóða og svæða á hendi sveitarfélagsins og nær ekki til lóða annarra aðila. Unnið verður að því að hefja samráð við aðra lóðarhafa innan skipulagssvæðisins með það að markmiði að tryggja sameiginlega framtíðarsýn og samræmda heildarhönnun nýs miðbæjar.

Komi til formlegrar úthlutunar og framkvæmdir hafa ekki hafist innan tilgreinds frests samkvæmt reglum sveitarfélagsins um úthlutun lóða, þá telst úthlutun lóða á svæði því er samkomulag þetta tekur til niður fallin. Lóðirnar munu þá falla aftur til Sveitarfélagsins Hornafjarðar án nokkurrar endurgreiðslu til lóðarhafa, á gjöldum eða kostnaði sem hann kann að hafa innt af hendi. Framkvæmdir sem kunna að hafa átt sér stað á svæðinu falla þá án endurgjalds til sveitarfélagsins.

Lóðarhafa er óheimilt að framselja réttindi sín samkvæmt þessar viljayfirlýsingu fyrr en lóðarleigusamningur hefur verið gerður og honum þinglýst. Eins og að framan greinir er framsal þá háð samþykki sveitarfélagsins. Lóðarhafi ber kostnað af þinglýsingu lóðarleigusamningsins. Landsbyggð skuldbindur sig til þess að ljúka öllum framkvæmdum á svæði því er um ræðir innan fjögurra ára frá því að formleg úthlutun svæðisins á sér stað, með tilkynningu til Landsbyggðar þar um.

Vilyrði þetta er veitt til 12 mánaða. Landsbyggð getur sótt um framlengingu á gildistíma vilyrðisins ef lóð er ekki byggingarhæf, af ástæðum sem varða sveitarfélagið, innan þess tíma sem vilyrðið gildir. Endanleg úthlutun getur aldrei farið fram fyrr en að lokinni skipulagsvinnu sé hennar þörf, sýnt hefur verið fram á fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda, og að fengnu endanlegu samþykki bæjarstjórnar.

Undir samkomulag þetta er ritað f.h. Landsbyggðar ehf. og Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Höfn í Hornafirði, 9. október 2025

F.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

_____

Sigurjón Andrésson


F.h. Landsbyggðar ehf.,

_____

Vignir Guðjónsson

Fylgiskjal 1

Fylgiskjal 1 - Yfirlit lóða



Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigurjón Andrésson

Tími: 12.01.2026 14:48
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Landsbyggð ehf.
Kennitala: 0204824359
Tími: 13.01.2026 9:17
Samþykkt

Undirritað með OneSign